

Vegna frumvarps um þrengingu ákvæðis um hatursorðræðu

Í hnotskurn

- Samtökin '78 lýsa eindreginni andstöðu við frumvarpið.
- Með þrengingu ákvæðisins á þennan hátt er verið að flækja og gera erfiðara að fylgja 233. gr. a eftir.
- Hatursorðræða hefur ekki aðeins áhrif á þann hóp sem hún beinist að, heldur einnig á samfélagið í heild og hefur þau áhrif að draga úr samkennd með hópnum sem um ræðir.
- Samtökin '78 telja frumvarpið ekki til þess fallið að styrkja tjáningarfrelsi heldur víkka út heimildir fólks til þess að svívirða minnihlutahópa á opinberum vettvangi.

Í meginráttum

Frumvarp um þrengingu ákvæðis um hatursorðræðu er nú endurflutt á Alþingi í þriðja sinn. Lagt er til að við 233. gr. a laganna bætist: *enda sé háttsemin til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun*. Samtökin '78 sendu frá sér umsögn um frumvarpið árið 2019 og telja að hún eigi enn við, en þar sagði að fyrirhuguð breyting á ákvæðinu áætli að inntak hugtaksins í dómsmeðferð þrengist og orðræða yrði þá að fela í sér ákveðinn grófleika og skilgreind áhrif, þ.e. að hvetja sannanlega og ótvírætt til ofbeldis, haturs eða mismununar. Þetta telja Samtökin varhugaverða breytingu og telja ekki rétt að binda grófleika í lagaákvæðið heldur á það að vera í höndum dómstóla að leggja mat á það hverju sinni hvað telst hatursorðræða skv. 233. gr. a. Þá áréttu Samtökin '78 að **hatursorðræða** - þ.e. að hæðast opinberlega að, rógbera, smána eða ógna fólki á grundvelli þess að það tilheyri jaðarsettum hópum - **hvetur í raun alltaf til eða kyndir undir hatri, mismunun og ofbeldi**. Þessi viðbót er þess vegna efnislega óþörf og tilgangur frumvarpsins virðist einfaldlega vera sá að víkka út heimildir fólks til þess að svívirða minnihlutahópa á opinberum vettvangi.

Samkvæmt rannsókn frá 2020 hefur hatursorðræða alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti milli hópa og það ætti að líta á hana sem víðtækt samfélagslegt vandamál sem skerðir lífsgæði, eykur árásargirni og hefur áhrif á geðheilsu og vellíðan minnihlutahópa. Hatursorðræða er ofbeldisfull tjáning sem veldur þjáningu meðal þeirra hópa sem hún beinist að. Á sama tíma er hatursorðræða algeng í stjórn málaumræðu og hefur aukist á samfélagsmiðlum. Flestir bregðast við slíkum ummælum með neikvæðri tilfinningalegri örvun vegna „sameiginlegs sársaukanets“ – eða taugalífeðlisfræðilegs kerfis sem myndar grunninn að tilfinningalegri samkennd. (Soral, 2020) En rannsóknir sýna einnig aukin útsetning fyrir hatursorðræðu gerir þann sem verður vitni að henni ónæmari fyrir henni (Soral, 2017) og veikir þannig taugalíffræðilega kerfið sem vísað er í.

Samkvæmt Fasoli (2016) hefur ómeðvituð útsetning (t.d í athugasemdakerfum, samræðum, öðru efni) fyrir hómófóbískum skilgreiningum (faggi, hommatittur) aukið afmennskun hinsegin fólks (þ.e. dregið úr því að fólk noti manntengd orð, eins og manneskja, um hinsegin fólk í hlutfalli við náttúrutengd orð, eins og rotta) og fjarlægist þeim líkamlega í kjölfarið (þ.e. sitja lengra í burtu þegar viðkomandi hittir hinsegin manneskju) í samanburði við þegar notaðar eru almennar móðganir. Þessar niðurstöður benda til þess að tengslin milli hatursorðræðu og fordóma megi ekki aðeins sjá í meðvituðum gjörðum, heldur einnig ómeðvitað og á sjálfvirkara stigi. Í öfgafyllri tilfellum gæti hatursorðræða réttlætt mismunun og líkamlegt ofbeldi. (Soral, 2020) Hatursorðræða hefur því ekki aðeins áhrif á þau sem orðræðan beinist að heldur hefur hún líka áhrif á viðhorf og hugmyndir samfélagsins á hópinn, sem og skoðanir. Niðurstöður rannsóknar frá 2017 leiða það einnig í ljós að aukin útsetning fyrir hatursorðræðu til ónæmis, sem veldur þá því að „eftir að ákveðnum vendipunkti hefur verið náð, hætti skilaboð að vekja neikvæð tilfinningaleg viðbrögð.“ Þar af leiðandi fari einstaklingar að túlka hatursorðræðu sem síður neikvæða og minna skaðlega og að síður að hún brjóti gegn samfélagslegum viðmiðum. (Soral, 2017) Hatursorðræða er því bein ógn við samfélagsgerðina líkt og annað ofbeldi.

Skýrsla á vegum Nordic Safe Cities var útgefin nú í október, þar sem fjallað var um íslenskt samfélagsmiðlaumhverfi. Þar voru 435 þúsund færslur á samfélagsmiðlinum Facebook greindar. Ummælin sem tekin voru fyrir eru 35.672 talsins, en 1 af hverjum 10 athugasemdum á færslum um hinsegin fólk innihélt

hatursorðræðu. Þá tekur skýrslan fram að talan sé líklega hærri vegna þeirra athugasemda sem eru falin eða er eytt á þeim tíma sem skýrslan var skrifuð. Niðurstöður viðtala við hinsegin fólk í Reykjavík sýnir að hatursorðræða (samkvæmt skilgreininu ECHR) á netinu helst ekki bara þar heldur hefur áhrif inn í raunheima og líf fólks.

Árlega gefa ILGA-Europe, regnhlífarsamtök hinsegin fólks í Evrópu, út Regnbogakortið sem greinir lagalega stöðu í öllum löndum Evrópu. Síðan frumvarpið um þrengingu ákvæðis um hatursorðræðu var flutt síðast eða á 156. þingi hefur staða Íslands á Regnbogakorti ILGA Europe hrakað, en Ísland féll úr öðru sæti yfir í það þriðja á kortinu árið 2025. Þá sendi ILGA Europe út í byrjun árs 2025 varnarræðu vegna bylgju fordóma og haturs gagnvart hinsegin fólki, en í ársskýrslu ILGA Europe voru tekin saman gögn sem sýndu skýr merki vaxandi hatursorðræðu og ofbeldis í álfunni. Niðurstöðurnar byggjast á einstökum málum, atburðum og þróun laga, stjórn mála og félagslegra þátta, sem og gögnum sem söfnuð voru úr starfi ILGA og frá hinsegin samtökum í þeim 54 löndum sem fjallað er um í skýrslunni. ILGA Europe segja hinseginfordóma nú venjuvædda og almenna, sér í lagi frá stjórn málamönnum og opinberum persónum. Samtökin '78 vilja vara við því að samþykkja slíka þrengingu á lögum sem myndi ýta undir venjuvæðingu hatursorðræðu og ofbeldis líkt og ILGA Europe bendir á.

Árið 2019 sendu Samtökin '78 frá sér yfirlýsingu um frumvarpið sem hér um ræðir og er flutt í þriðja sinn, þar sem sagði meðal annars að samtökin óttist „að fólk sem þjáist af fordómum og viðhefur eða samþykkir hatursorðræðu muni líta á ofangreint frumvarp sem stuðningsyfirlýsingu frá stjórnvöldum.“ Árið 2025, nú þegar frumvarpið er lagt fram fyrir 157. þing vilja Samtökin '78 árétta að félagið lýsir yfir andstöðu við breytingarnar.

Fyrir hönd Samtakanna '78



Birnir Helgi Tómasdóttir
Formaður Samtakanna '78



Formaður

Aðstoðarframkvæmdastjóri

Heimildir

ILGA Europe, „A Call for Urgent Action Against Rising Anti-LGBTI Hate“, 2025.

<https://www.ilga-europe.org/blog/a-call-for-urgent-action-against-rising-anti-lgbti-hate/>

ILGA Europe, Rainbow Map, Ísland, 2025

<https://rainbowmap.ilga-europe.org/countries/iceland/>

Samtökin '78, „Umsögn Samtakanna '78 um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu), þskj. 896, 543. mál. “, 2019

<http://althingi.is/altext/erindi/149/149-4769.pdf>

<https://www.heradsdomstolar.is/domar/domur/?id=ce381af9-8fd4-4a3c-a7ab-e89bfb8283d9>

Nordic Safe Cities & City of Reykjavík Human Rights Office, „Safer Queer Cities: Understanding Online Safety for LGBTQ+ Individuals In Reykjavík“, 2025

<https://nordicsafecities.sharepoint.com/:b:/r/Shared%20Documents/Hjemmeside/Nordic%20Safe%20Cities/Publikationer1/Safer%20Queer%20Cities%20-%20Understanding%20Online%20Safety%20for%20LGBTQ+%20Individuals%C2%A0in%20Reykjavik.pdf?csf=1&web=1&e=n2ezp1>

Soral, Bilewicz, Winiewski. „Exposure to hate speech increases prejudice through desensitization“, Institute for Social Studies, University of Warsaw. 2017.

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1002/ab.21737>

Soral, Bilewicz „Hate Speech Epidemic. The Dynamic Effects of Derogatory Language on Intergroup Relations and Political Radicalization“, *Advances in Political Psychology*, 41:1, 2020 doi: 10.1111

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/pops.12670>